



## **Afsláttur á æfingagjöldum barna- og unglíngadeilda Stjórnunnar**

UMF Stjarnan veitir aðeins afslátt á æfingagjöldum þegar um skörun á æfingatíma milli deilda er að ræða. Ekki er veittur afsláttur ef um skörun við tómskundastarf á vegum annarra íþróttar- eða tómskunda er að ræða.

Ástæða þess er einfaldlega sú að félagið þarf ávallt að standa undir þeim grunnkostnaði sem er við hvern flokk hvort sem iðkendur velji sér að nýta þjónustuna að fullu eða ekki. Ef hinsvegar um áreksur innan okkar raða er að ræða sem við náum ekki að leysa teljum við okkur skuldbundin til þess að reyna að mæta þeim óþægindum.

Eins er ekki veittur systkinaafsláttur þar sem það er afstaða stjórnar félagsins að allir eigi að greiða sama verð fyrir sömu þjónustu. Þegar veittur er systkinaafsláttur færast kostnaðurinn af einum kaupanda af þjónustu yfir á annan þar sem grunnkostnaðurinn við starfsemi er ávallt hin sami, þar sem ekki er um arðbæra þjónustu að ræða heldur starfsemi sem einungis á að standa undir kostnaði.

Afsláttur sem veittur er milli deilda vegna skörunar, er eftirfarandi:

- 1) Fimleikadeild 10% per önn.
- 2) Sunddeild 10% per önn.
- 3) Körfuboltadeild 20% heilt tímabil, ef keypt er stök önn þá 10% per önnina
- 4) Handboltadeild 20% % heilt tímabil, ef keypt er stök önn þá 10% per önnina
- 5) Knattspyrnudeild 20% heilt tímabil, hér er þriggja anna kerfi og þá er veittur 10% af stakri haustönn, 10% af stakri vorönn, en ekki er veittur afsláttur af sumarönn.

Fimleikadeild og sunddeild eru einungis með haust og vorannir ekki í boði að greiða heilt tímabil. Þetta er gert til samræmis við það kerfi sem sérsambönd þessara íþróttar eru með en flokkar geta breyst um áramót í þessum deildum.

Körfuboltadeild og handboltadeild eru með heilt tímabil sem miðast við keppnistímabil deildanna frá sérsamböndunum en bjóða líka upp á haust og vor tímabil.

Knattspyrnudeild er með eins árs tímabil sem miðast við keppnistímabil KSÍ en býður einnig upp á haust, vor og sumar tímabil.

*Vakin er athygli á því að afsláttur er einungis veittur ef æfingar innan deilda félagsins skarast. Forráðamaður þarf þá að tilgreina hjá hvorri deildinni iðkandinn hyggst sleppa æfingum hjá vegna skörunar og er afslátturinn veittur af æfingagjöldum þeirrar deildar.*